

JÓHANNA RAKEL JÓNASDÓTTIR
Æfir sex sinnum í
víku fjóra tíma í senn
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÓLAFUR ÓLAFSSON
Á betra hóteli en
Eurovision-stjarnan
Kærasti Jóhönnu fer með pabba sínum til Moskvu
FÓLK 26



MARKUS ZUSAK
BÓKAÞJÓFURINN
Yfir 80 vikur á
metsölulista
NY Times
www.forlagid.is

KOMIN Í KILJU
2005

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. apríl 2009 – 100. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Umdeild heiðurslaun

Liðsmenn Borgara-hreyfingarinnar deila um heiðurslaun þingmannsins Þrúnaðs Bertelssonar.
FÓLK 26

Æfir bros Jóhönnu

Gunnar Karlsson myndlistarmaður og skopteiknari er fimmtugur í dag.
TÍMAMÓT 16


Aftur til Cannes

Stuttmyndin Anna eftir Rúnar Rúnarsson hefur verið valin á Cannes-hátíðina í maí.
FÓLK 20

Haukar komnir í forystu

Haukar unnu Val í fyrsta leik liðanna um Íslands-meistaratitilinn í handbolta.
ÍÞRÓTTIR 22

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA VESTAN TIL Í dag verða suðaustan 10-15 m/s sunnan og vestan til annars 3-8 m/s. Rigning á vesturhelmingi landsins, lítilsháttar súld suðaustan til annars þurr og bjart með köflum. Hiti 5-10 stíg.
VEÐUR 4



UMBODIÐ VEITT Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti Jóhönnu Sigurðardóttur umboð til stjórnarmyndunar í gær á Bessastöðum. Hann áréttaði að flokkarnir hefðu tímamót fyrir sér þar sem núverandi stjórn hefði meirihluta.

Bjartsýnni eftir viðræðufund en fyrir

Stjórnarmyndunarviðræður hófust formlega í gær og ríkir bjartsýni um niðurstöðu. Starfshópar hafa verið skipaðir um tvö mál og fleiri eru fyrirhugaðir. Evrópa, stjórnsýsla, efnahagur og atvinna rædd sem og innköllun aflaheimilda.

STJÓRN MÁL Formlegar stjórnarmyndunarviðræður hófust í gær og voru formenn stjórnarflokka bjartsýnni eftir fyrsta fund, raunar bjartsýnni eftir fund en fyrir. Bæði Jóhanna og Steingrímur segja það sögulega skyldu vinstri flokkanna að mynda þessa stjórn.

„Ég er bjartsýnni eftir að ég kom út af fundinum en áður en ég fór inn. Það hefur ýmislegt skýrst og ég tel að við munum ná ásættanlegri niðurstöðu í Evrópumálum,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir. Steingrímur J. Sigfússon tekur undir það. „Það er gagnkvæmur og sterkur vilji til samstarfs til

staðar og ég er bjartsýnni eftir fundinn en fyrir.“

Á fundinum í gær voru skipaðir viðræðuhópar um Evrópumál og um breytingar á stjórnsýslu. Varaformennirnir leidda hópinn um Evrópu, en þeir Ögmundur Jónsson og Óssur Skarphéðinsson sitja einnig í hópnum. Hinn hópurinn verður skipaður í dag. Þá verður á næstunni skipað í hópa um efnahagsmál og atvinnumál.

Formennirnir leggja áherslu á að hér sé starfandi meirihluta-stjórn og því liggi minna á en ella. Ólafur Ragnar Grímsson forseti áréttaði þetta þegar Jóhanna sótti umboð til stjórnarmyndunar að

Bessastöðum í gær. Hann sagði enga þörf á því að setja tímamörk á hvenær viðræðum flokkanna um frekari aðgerðir eða verkefni kunni að ljúka, í ljósi þess að minnihlutastjórnin hafi hlotið meirihluta í kosningunum.

Báðir flokkarnir höfðu innköllun aflaheimilda á stefnuskrá sinni fyrir kosningar. Steingrímur segir að sest verði yfir það mál eins og önnur. Jóhanna segir það ljóst að stjórnin muni ráðast í breytingar á sjávarútvegsstefnunni.

Ljóst er hins vegar að samningur um Evrópumál er forsenda stjórnar.
- kóp, bj / sjá síðu 4

WHO hækkar viðbúnaðarstig: Fólkhætt við svínaflensuna

HEILBRIGÐISMÁL „Fólk er hrætt en sumir taka ekkert mark á þessu og telja að það gangi hratt yfir,“ segir Steinn Orri Hafsteins-son, skiptinemi í Mexíkó. Talið er að mannskæð svínaflensa hafi átt upptök sín í landinu.

Margir gripu til þess ráðs að hafa grímur fyrir vitum vegna svínaflensunnar, og mörgum skólum hefur verið lokað.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hækkaði í gærkvöldi viðbúnaðarstig þar sem hætta var talin á að flensan geti orðið að heimsfaraldri. Í gær var talið að í það minnsta 150 hafi látist og 1.600 manns hafi smitast í Mexíkó.
- bj, ghs, gb / sjá síðu 6



STEINAR ORRI HAFSTEINSSON

Netleikurinn Eve Online: Spilarar að verða jafnmargir og íslenska þjóðin

TÆKNI „Við stefnum að því hröðum skrefum að Eve-félagar verði fleiri en Íslendingar,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP.

Eve online er veruleikatalvuleikur og eru þeir sem spila hann, sem Hilmar kallar EVE-félaga, orðnir 295 þúsund en Íslendingar eru um 319 þúsund.

„Við erum með teljara sem telur þetta niður, þetta næst örugglega einhvern tímann í sumar,“ segir hann en bætir svo við. „Svo er að bíða og sjá hvort stjórnmalmenirnir flýti fyrir því með því að fækka Íslendingum.“
- jse



HILMAR VEIGAR PÉTURSSON

Mikil óánægja meðal lögreglumanna með breytingu á vinnufyrirkomulagi:

Íhuga að hætta í óeirðadeild

LÖGREGLUMÁL Talsverður fjöldi lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu íhuga að hætta í óeirðadeild embættisins vegna óánægju með breytingar á vinnufyrirkomulagi.

Mikil óánægja er með nýtt fyrirkomulag, sem gerir ráð fyrir þremur fleiri vinnudögum í mánuði án þess að greiðsla komi á móti, sagði Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, þegar haft var samband við hann í gærkvöldi. Félagsmenn munu funda vegna málsins í dag.

Óskað hefur verið eftir því að breytingum á vinnufyrirkomulagi verði frestað fram yfir orlofs-

tímann, enda valda þær óvissu, segir Arinbjörn. Bodið hafi verið upp á málamiðlun, en hvoru tveggja hafi verið hafnað. Hann segir að ekki hafi verið farið eftir leikreglum sem gilda um kjarasamninga.

Þeir lögreglumenn sem eru í óeirðadeild Lögreglu höfuðborgarsvæðisins hafa haft val um að taka að sér það hlutverk og stjórn Lögreglufélagsins telur að þeir hafi einnig val um að hætta, segir Arinbjörn. Ljóst sé að margir treysti sér ekki til þess að taka á sig aukna vinnu og vera áfram í óeirðadeildinni.
- bj

gróður mold garðyrkjumannsins
flúðamold
Úrvalsmold fyrir alla ræktun
• Umpottun • Í svalakassann • Uppeldi á sumarblómum og grænmeti • Í garðinn og gróðurhúsið

enginn verksmiðjuáburður
100% íslensk ræktunarmold
lífræn

ostur.is
Skólaostur nú í sneiðum og á tilboði

Nýjung


muundu eftir mjólkinni!
muu



Við elskum alla

Nú geturðu valið þér **sex vini** hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

Talaðu fyrir 12.000!



SONY ERICSSON K660i

Flottur sími til að flakka um á 3G netinu. Fjórir flýti-takkar.

Þú getur talað fyrir **12.000 kr.**

1000 kr. inneign á mánuði í eitt ár fylgir.

Símalán - útborgun: **3.500 kr.**

Aðeins 2.200 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð: 29.900 kr.

LÉTTUR OG LIPUR USB NETLYKILL

Með öllum 3G áskriftarleiðum Símans færðu 3G netlykil á 0 kr. með 6 mánaða samningi.

3G netlykill

0 kr.

Fullt verð á Huawei E180 USB netlykli er 17.900 kr.

3G Netlykill á 0 kr.



TILBOÐ

Með öllum 3G áskriftarleiðum

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

SVEFNSÓFADAGAR

**20-30%
AFSLÁTTUR!**

TILBOÐ!
COMODO
Svefnsófi
Áður 398.950 kr.
NÚ 279.263 kr.



EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF SVEFNSÓFUM

ARGH10904152

Án efa einn stærsti og glæsilegasti svefnsófasýningarsalur landsins.
Tilboð á svefnsófum af öllum stærðum og gerðum. Margir litir í boði.

TILBOÐ!

T140
Svefnsófi
Áður 229.700 kr.
NÚ 183.760 kr.



TILBOÐ!

SOPHIA
Svefnsófi
Áður 87.330 kr.
NÚ 69.864 kr.



TILBOÐ!

OZI
gestarúm
Áður 64.900 kr.
NÚ 51.920 kr.



TILBOÐ!

COUPLE
Svefnsófi
Áður 109.750 kr.
NÚ 87.800 kr.



TILBOÐSVERÐ TIL APRÍLLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON

... þú færð það aðeins betra hjá



**20%
afsláttur**

af öllum **HTH** innréttingum!

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir og framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í **ORMSSON LÁGMÚLA 8** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við vinnum með þér tillögur að nýja drauma-eldhúsinu án skuldbindinga og gerum þér *frábært verðtilboð*.

**20%
afsláttur af
hágæða AEG
eldhústækjum***

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNIR

* með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

VEISTU SVARID?



1. Hvað fékk Borgarahreyfingin marga menn kjörna í ný-afstöðnum kosningum?

2. Hvernig fór leikur kvennalandsliðsins í fótbolta gegn Hollendingum?

3. Hver er sóttvarnalæknir?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Greining Capacent Gallup á viðhorfi kjósenda til stjórnmalaflokkanna sem gefin var út í mars:


Framsókn og frjálslyndir náðu hámarks fylgi

SKOÐANAKÖNNUN Framsóknarflokkur og Frjálslyndir náðu nánast hámarksfylgi sem þeim gafst kostur á, ef úrslit kosninga eru miðuð við greiningu Capacent Gallup á viðhorfi kjósenda til stjórnmalaflokkanna. Flokkarnir fengu skýrslu með slíkri greiningu fyrir kosningar, en hún er dagsett 19. mars.

Samvæmt greiningunni var 97,6 prósent kjósenda talið „ósnertanlegt“ fyrir Frjálslynda flokkinn, það er, nánast ómögulegt að flokkurinn myndi ná til þess hluta kjósenda. Frjálslyndir náðu því til allra nema 0,2 prósentustiga af þeim sem gátu hugsað sér að kjósa flokkinn í mars.

84,9 prósent kjósenda voru ósnertanleg fyrir Framsóknarflokkinn og var hann því 0,3 prósentustigum frá því að ná hámarksfylgi. Samfylking var 2,5 prósentustigum frá hámarksfylgi, en flestir töldu möguleika á því að kjósa Samfylkinguna og 67,7 prósent kjósenda voru talin ósnertanleg fyrir Samfylkingu. Þá var Sjálfstæðisflokkur 3,5 prósentustigum frá mögulegu hámarksfylgi sínu, en ómögulegt var talið að Sjálfstæðisflokkurinn myndi ná til 71,8 prósent kjósenda. Vinstri græn voru lengst frá því að hámarka mögulegt fylgi sitt, 7,6 prósentustigum. 70,7 prósent kjósenda voru talin ósækjanleg fyrir Vinstri græna.

Mögulegt fylgi flokkanna



BLÅKLÄDER
VINNUFATNAÐUR

FÆST NÚ Í HEBRON

**20%
KYNNINGAR
AFSLÁTTUR
TIL 8. MAÍ**

Hebron-Vinnufatnaður
Smiðjuvegi 1, Grá gata

www.hebron.is
s. 567-6000

HEBRON
VINNUFATNAÐUR

Sigurður Kári Kristjánsson:

Ekki hættur í stjórnmalum

STJÓRN MÁL „Þessi niðurstaða er mikil vonbrigði,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, sem er fallinn af þingi. Þar hefur hann átt sæti síðan 2003 og skipaði nú 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmi norður.

Sigurður Kári segir tap Sjálfstæðisflokksins fyrst og fremst helgast af efnahagshruninu. „Sjálfstæðisflokknum einum var kennt um það. Við fengum ekki að njóta þess góða sem gert var í okkar stjórnartíð. Styrkjamálin voru okkur líka mjög óþægileg.“

Ekki er ljóst hvað tekur nú við hjá Sigurði Kára. „Það kom bara í ljós í gærmorgun [sunnudagsmorgun] að ég næði ekki endurkjöri. Hvað ég tek mér fyrir hendur kemur í ljós með tíð og tíma. Ég held þó að ég muni verða þátttakandi í stjórnmalum alla ævi. Ég er ekki af baki dottinn.“

- bs



LOKAAFGREIÐSLAN FRESTAST Íslenska ríkisstjórnin náði ekki að taka fyrir umdeilda þjónustutílskipun ESB á ríkisstjórnarfundum fyrir kosningar. Þetta kom stjórnvöldum í Noregi og Liechtenstein á óvart en þau höfðu staðið í þeirri trú að lokaafgreiðslan færi fram á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir helgi. Í staðinn verður tilskipunin sennilega tekin fyrir í maí.

Vortónleikar Fóstbræðra

í Langholtskirkju 28., 29. og 30. apríl kl. 20 og 2. maí kl. 16



Einsöngur: Þóra Einarsdóttir sópran
Hjálmur Gunnarsson bassi
Þorsteinn Guðnason tenór
Píanó: Steinunn Birna Ragnarsdóttir
Stjórnandi: Árni Harðarson

Fjölbreytt og spennandi efnisskrá.
Miðasala við innganginn.



Karлакórinn Fóstbræður

Kom á óvart að Íslendingar frestuðu

Íslendingar vildu ekki ganga frá þjónustutílskipun ESB daginn fyrir kosningar. „Pólítískar vöðvahnyklingar“ að mati forstöðumanns Evrópuseturs. „Norðmenn geta andað rólega,“ segir ráðherra.

UTANRÍKISMÁL Íslendingar komu Norðmönnum á óvart með því að vera ekki tilbúnir til að afgreiða þjónustutílskipun Evrópusambandsins á fundi EES-nefndarinnar á föstudaginn. Málið átti að taka fyrir á ríkisstjórnarfundum í síðustu viku en mörg mál lágu fyrir og náðist ekki að afgreiða þetta mál. Ákvörðuninni var því frestað til næsta fundar EES-nefndarinnar í maí.

Dagbladet í Noregi greindi frá því nýlega að íslenska ríkisstjórnin hefði komið meðan kosningar færu fram. Þar sem þjóðirnir verði að samþykkja tilskipunina samtímis bíði afgreiðslan næsta fundar. „Íslendingarnir voru ekki tilbúnir nú en það þýðir ekkert sérstakt. Tilskipunin á að taka gildi í lok 2009. Vinnan við það gengur vel,“ hefur Dagbladet eftir Oda H. Sletnes, sendiherra Noregs.

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra segir að málið sé víðamikil og þarfnist rækilegrar skoðunar. „Þetta er misskilningur hjá sendiherranum. Ísland

er enn fullvalda ríki sem tekur eigin ákvarðanir á eigin forsendum. Við munum ekki komast að niðurstöðu samkvæmt forskrift frá Noregi eða öðrum. En Norðmenn geta andað rólega. Við viljum gefa okkur tíma til að skoða þetta nánar.“

Eiríkur Bergmann Einarsson, forstöðumaður Evrópuseturs Háskólans á Bifröst, segir að Íslendingar hafi ekki þá stöðu að geta breytt neinu í þjónustutílskipuninni. Þeir hafi lýst yfir að þeir ætli að samþykkja hana og því sé bara formsatriðið eftir. Stundum sé sagt að löndin hafi neitunarvald en því hafi aldrei verið beitt.

„Hér er um pólítískar vöðvahnyklingar að ræða sem hafa engan annan tilgang,“ segir hann. „Augljóst er að VG tókst að stoppa þetta. Utanríkisráðherra hefur áður lýst yfir að það sé stefna stjórnvalda að leiða þessa tilskipun í lög. Það ber því vott um taugaveiklun í samstarfinu að sendiherra Íslands hafi stöðvað staðfestingu á tilskipun tíu mínútum fyrir kosningar. Á þessum tíma hefur VG eflaust talið sig hafa sterkari stöðu að kosningum loknum og geta haft eitthvað um þetta að segja en núna á maður von á að þetta verði staðfest.“

ghs@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



20% afsláttur af öllum mat sem þú sækir!*

Kíktu á matseðilinn á www.rubytuesday.is,
hringdu og pantaðu mat fyrir þig og þína.

Pöntunarsímar:
Skiopholti 19 - 552 2211
Höfðabakka 9 - 517 3990

* Gildir ekki með öðrum tilboðum

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skiopholti 19

Landsþítalinn sker niður: Enginn læknir með neyðarbíl

HEILBRIGÐISMÁL Landsþítalinn hefur ákveðið að hætta að vera með lækni á vakt fyrir neyðarbíl til að fara af stað ef sjúkraf lutningamenn í útkalli telja sig þurfa á lækni að halda. Þessi ákvörðun tekur gildi 1. maí.

Már Kristjánsson, sviðsstjóri lækninga á slysa- og bráðasviði, segir að spítalinn hafi ekki haft nægilega marga hæfa lækna til að sinna þessu um nokkurt skeið. „Reynslan hefur sýnt að það er ekki þörf á þessu og svo höfum við ekki haft á nægilega mörgum að skipa með þessa þjálfun. Við erum að breyta þessum mála-flokki,“ segir hann. - ghs

Forseti Palestínustjórnar: Engar viðræður undir þrýstingi

PALESTÍNA, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, segir að Palestínumenn ætli ekki að



MAHMOUD ABBAS

láta þröngva sér í frekari friðarviðræður.

Skilyrði þess að viðræðum verði haldið áfram við nýja Ísraelsstjórn sé, að allri frekari landtöku á svæðum Palestínnumanna verði tafarlaust hætt.

Benjamin Netanyahu, sem tók við embætti forsætisráðherra Ísraels nýverið, hefur verið dyggur stuðningsmaður þess að Ísraellar leggi undir sig meira land á herteknu svæðunum.

Meðal annars standa yfir nýbyggingar í Austur-Jerúsalem, sem Palestínnumenn vilja að verði höfuðborg væntanlegs ríkis þeirra. - gb

BÚRMA

Refsiaðgerðir áfram

Utanríkisráðherrar Evrópusambandslandanna 27 samþykktu í gær að framlengja um eitt ár refsiaðgerðir gegn herforingjastjórninni í Búrma (Myanmar). Þrýst er á Búrmastjórn að grípa til aðgerða sem auki trú manna á að áformaðar þingkosningar árið 2010 verði sanngjarnar og að öllum þjóðfélagsþópum verði tryggður réttur til að taka þátt í þeim.

KVÍGINDISFELL

Niðjamót

Guðmundar & Þórhöllu

Sunnudaginn 3.maí nk.

Haukaheimilið í Hafnarfirði

Klukkan 14:30.

Nefndin



Kynningarfundur um

MEISTARANÁM

Í VERKEFNASTJÓRNUN

Priðjudaginn 28. apríl kl. 17:00 í Námunni, sal Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaganna (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimspekkir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

MEDAL NÁMSEFNIS

- Stefnumótun og sóknaráætlun
- Verkefnaleiðtoginn: Sjálfsskilningur, þroski og þróun
- Raunhæft verkefni: Undirbúningur, framkvæmd og lúkning
- Verkefnaleiðtoginn: Siðfræði verkefnastjórnunar
- Upplýsingar og upplýsingatækni í verkefnum
- Samningar í verkefnum: Samningagerð, deilu- og áfallastjórnun
- Arðsemi og fjármögnun verkefna
- Verkefnateymi og aflfræði hópa

PÁTTTÖKUSKILYRÐI

- B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífni
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg

Umsóknarfrestur er til 15. maí



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ
IÐNADARVERKFRÆÐI, VÉLAVERKFRÆÐI- OG TÖLVUNARFRÆÐI



- Lífið heil



15% afsláttur⁺

VOLTAREN 11,6 mg/g Gel, 100 g.



15% afsláttur⁺

NICOTINELL tyggjó, Classic og Fruit.

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út apríl 2009

www.lyfja.is

GM kastar Pontiac

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors (GM) hefur ákveðið að hætta framleiðslu á bifreiðum af gerðinni Pontiac. Fyrirtækinu er nauðugur einn kostur að grípa til aðgerðanna en kraftaverk er talið þurfa eigi að forða því frá þroti.

Fyrirtækið mun eftirleidis einbeita sér að framleiðslu á fjórum bílategundum: Chevrolet, Cadillac, Buick og GMC. Óvíst er með framleiðslu á Saab og Hummer-jeppunum.

Bloomberg-fréttastofan segir stjórn bílaframleiðandans eiga fáa vini í hópi lánardrottna enda hafi hún reynt að fá þá til að breyta skuldahala fyrirtækisins í tíu prósentu eignarhlut. Skuldirnar nema 27 milljörðum dala, jafnvirði 3.500



FRAMLEIÐANDI Í VANDRÆÐUM General Motors hefur þurft að endurskipuleggja fyrirtækið til að forða því frá gjaldþroti, svo sem með víðamiklum uppsögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

milljarða íslenskra króna. Ólíklegt er að þeir séu viljugir til að taka svo lítinn hlut í fyrirtækinu. Skuldabreytingin þarf að ganga í gegn áður en júnímánuður gengur í garð, að sögn Bloomberg.

- jab

Fjórðungi sagt upp hjá Teris

Upplýsingatæknifyrirtækið Teris hefur sagt upp 34 starfsmönnum, eða um fjórðungi starfsmanna sinna. Uppsagnirnar koma niður á öllum þáttum starfseminnar og hafa sumir starfsmannanna unnið lengi hjá fyrirtækinu. Allir starfsmennirnir hafa þegar hætt störfum.

Teris sinnir upplýsingatæknipjónustu og sérhæfir sig í þjónustu við fjármálafyrirtæki. Sæmundur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Teris, segir að Teris hafi með uppsögnunum nú verið að bregðast við hremmingum á markaðnum. Allir viðskiptavinir fyrirtækisins séu að draga saman seglin og skera niður kostnað.

„Við höfum reyndar verið í aðhaldsaðgerðum frá því í mars í

fyrri. Við sögðum upp fimmtán starfsmönnum í október þegar bankahrunið varð og fimm starfsmönnum í september í hugbúnaðarfyrirtæki sem við áttum,“ segir Sæmundur.

Allir sparisjóðir í landinu eru viðskiptavinir Teris og sér fyrirtækið um alla upplýsingatæknipjónustu fyrir þá. SPRON og Sparisjóðabankinn féllu í mars og tveimur vikum síðar yfirtók nýja Kaupþing Sparisjóð Mýrasýslu. Við misstum þrjá stóra viðskiptavini á

tveimur vikum. Óhjákvæmilegt var



MISSTI ÞRÍJA VIÐSKIPTAVINI Upplýsingatæknifyrirtækið Teris hefur sagt upp fjórðungi starfsmanna. Teris missti þrjá stóra viðskiptavini.

að bregðast við því og því miður urðum við að segja upp svona stórum hópi,“ segir hann.

Starfsmennirnir eru flestir með þriggja mánaða uppsagnarfrest en nokkrir eru með sex mánaða uppsagnarfrest. Þeir hafa allir hætt störfum. „Við urðum að ganga svo langt að segja upp fólki sem er með mjög mikla starfsreynslu,“ segir hann.

Um 140 starfsmenn voru hjá Teris áður en uppsagnir komu til framkvæmda.

- ghs



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU Stjórn sparisjóðsins hyggst sækja um greiðslustöðvun fyrir sparisjóðinn og ganga til nauðasamninga

SPM leitar nauðasamninga

Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) fékk í gær heimild til greiðslustöðvunar hjá Héraðsdómi Vesturlands til næstu þriggja vikna. Í tilkynningu frá sparisjóðnum segir að stjórn sparisjóðsins hyggist sækja um greiðslustöðvun fyrir sparisjóðinn og ganga til nauðasamninga á grundvelli samkomulags við helstu lánardrottna sjóðsins.

Umsjónarmaður í greiðslustöðvun er Sigurður Arnalds hæstaréttarlögmaður.

Lánardrottnum verða kynnt drög að nauðasamningi fyrir SPM á næstu dögum. Náist þeir er stefnt að sameiningu sparisjóðsins og Nýja Kaupþings, að því er segir í tilkynningu.

- jab

SPARAÐU!
Sérstærðar
ræstingalausnir
Er HREINT hjá þér?

• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

**PARKET
TILBOÐ**

**Parki
INTERIORS**

PARKJIS / DALVEGI 10 - 14 / 55443500



Samfylkingin

Kærar þakkir!

Samfylkingin þakkar kjósendum sínum innilega fyrir stuðninginn. Þessi sögulegi sigur verður okkur hvatning til að leggja okkur öll fram í baráttunni fyrir hugsjónum jafnaðarmanna. Einnig viljum við sérstaklega þakka öflugum hópi sjálfbóðaliða sem vann ötult og óeigingjarnt starf á undanförunum vikum. Árangurinn er augljós: Með samhentu átaki er Samfylkingin orðin stærsti stjórnmálaflokkur landsins!

www.xs.is

ALÞJÓÐLEGI DANSDAGURINN er miðvikudaginn 29. apríl. Af þessu tilefni stendur Félag íslenskra listdansara fyrir danssýningum í Kringlunni klukkan 15.30 og í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17. Á sýningunum verða mörg skemmtileg dansatriði frá dansskólum höfuðborgarsvæðisins.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Patti Húsgögn

Svefnsofar



Hornsofar

Tungusoifar

Sófaborð

Mikið úrval af sófum og sófasettum-verðið kemur á óvart

Hægindasoifar

Stakir stólar



Borðstofustólar

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Námskeið í maí



Langar þig að breyta mataræðinu til batnaðar?

Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.

Þriðjudaginn 5. maí kl. 20-22
í Heilsuhúsinu Lágmúla
og mánudaginn 18. maí kl. 20-22
í Heilsuhúsinu Akureyri

Verð kr. 3.500.- Upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á eig@heima.is

Námskeið um ræktun matjurta og kryddjurta til heimilisnota

Heiður Björnsdóttir kennir hvernig rækta á grænmeti og kryddjurtir sér til gagns og ánægju.

Miðvikudaginn 6. maí kl. 20-22
í Heilsuhúsinu Lágmúla

Verð kr.3.500.- Námskeiðið er opið öllum en áhugasamir skrái sig á lagmuli@heilsuhusid.is eða í síma 578 0300 milli kl:10-18 alla virka daga.

Nánari upplýsingar um námskeiðin á heimasíðu Heilsuhússins www.heilsuhusid.is



Jóhanna Rakel hefur æft fimleika frá því hún man eftir sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Langar að ná sem lengst

Jóhanna Rakel Jónasdóttir úr Ármanni hlaut á dögunum titilinn Norðurlandameistari á jafnvægisslá. Árangurinn þakkar hún þrotlausum æfingum frá blautu barnsbeini og er hún hvergi nærri hætt.

Hin fjórtán ára Jóhanna Rakel Jónasdóttir er nýr Norðurlandameistari á jafnvægisslá en hún tók þátt í Norðurlandamótinu í fimleikum sem fram fór í Svíþjóð á dögunum. Hún byggði æfingar sínar á ballettsporunum, hoppum, flikkum og heljarstökkum og féllu þær í góðan jarðveg.

Fími Jóhönnu Rakelar kemur ekki af sjálfri sér. Hún æfir með Ármanni sex sinnum í viku og að jafnaði fjóra tíma í senn. „Ég hef ekki mikinn tíma aflögu fyrir vinnu en ég læt mig hafa það enda er góðan félagsskap að hafa í

Ármanni,“ segir Jóhanna Rakel sem hefur æft fimleika síðan hún man eftir sér. „Ég byrjaði í Bandaríkjunum en æfði svo bæði með Ármanni og Gerplu hér heima. Þá æfði ég í Rússlandi, þar sem ég var búsett með foreldrum mínum um tveggja ára skeið, og var það mikil reynsla.“

Á Norðurlandamótinu keppti Jóhanna Rakel í stökki, á tvislá, jafnvægisslá og gólfi, en jafnvægissláin er hennar besta áhald. Spurd segir hún vitaskuld erfitt að halda jafnvæginu en að það komi með þrotlausum æfingum. „Svo er líka

mjög mikilvægt að vera vel upplögð og vel sofin,“ bætir hún við.

Jóhanna Rakel hefur sett sér háleit markmið og ætlar að reyna að ná sem lengst í fimleikaheiminum. Hún segir flestar stelpur detta úr keppnisformi á milli sautján og tuttugu ára og má því segja að hún sé á tindi ferilsins. Hún er afskaplega ánægð með árangur Ármanns á Norðurlandamótinu en félagið var í þriðja sæti í liðakeppninni auk þess sem Embla Jóhannesdóttir, liðsfélagi hennar, varð í þriðja sæti í öllum fjórum keppnisgreinum samanlagt. vera@frettabladid.is

BÍLKÓ

TVENNA

Tilboð



Umfelgun
á tilboði
Sumardekk
á tilboði

-15% olis



afsláttur af
smurvinnu

VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU
FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM

-20%

Takirðu bæði tilboðin í einu færðu
20% afslátt vinnu við smur!



VÍSINDI Á VORDÖGUM, árleg kynning á vísindastarfsemi á Landspítala, verður 29. apríl til 7. maí. Í K-byggingu verður þessa daga sýning þar sem um 350 vísindamenn á Landspítala og samstarfsmenn þeirra kynna á rúmlega 100 veggspjöldum niðurstöður rannsókna sinna. Nánar á www.lsh.is

LAGERSALA

HÆÐASMÁRA 4

Sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.

Höfum bætt við nýjum vörum!

50-80% afsláttur



Undirföt



Sundföt

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður frá 500 kr. stk.

Opið 14-18 Virka daga

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**28. apríl Erum við andleg og líkamleg eiturefna-
úrgangs-ruslaskrímsli?**
Edda Björgvins leikkona

02. maí Hláturfundur Hláturkættiklúbbsins
Ásta VAldimarsdóttir hláturjógakennari

05. maí Heilun - Hvað er það?
Kristján Haraldsson heilsuráðgjafi

07. maí Hvað er málið með aukakílóin?
Mattí Ósvald heilsuráðgjafi

12. maí Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Mattí Ósvald heilsuráðgjafi

Ertu með eitthvað gott á þrjónunum?

Sjálfbóðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins þrjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og þrjóna í sjálfbóðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **29. apríl**. kl. 15-17.

Á staðnum verða þrjónar, garn og gott fólk sem hittast reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið þrjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.



Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfbóðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.

Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be
BY RESOUND™



be by ReSound er vart greinanleg í eyrunum

Heyrnarþjónustan
HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tímamantanir 534 9600



Sveinbjörn með svefngreingartækið sem er komið á markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Auðveldar svefngreiningu barna

Nýtt svefngreiningartæki íslenska fyrirtækisins Nox Medical er komið á markað. Tækið er fyrirferðarminna en áður hefur þekkt.

Tímamót urðu hjá íslenska svefngreiningarfyrirtækinu Nox Medical nýverið þegar svefngreiningarbúnaður þeirra, sem er fyrirferðarminni en áður hefur þekkt, kom á markað. Þessi ný svefngreiningarbúnaður er nú seldur jafnt til notkunar á fullorðnum og börnum. Svefngreiningarbúnaðurinn hefur verið í sölu í Evrópu, en nýlega var gerður samningur við bandaríska fyrirtækið Cardinal Health um dreifingu á búnaðnum í Bandaríkjunum.

„Á árunum 1993-2006 varð til mikil þekking í svefnrannsóknargreininni á Íslandi, en margir þeir sem koma að Nox Medical tóku þátt í uppbyggingu svefngreiningarfyrirtækisins Flögu á sínum tíma,“ nefnir Sveinbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Nox Medical, sem stofnað var árið 2006. Hann bætir við að allir starfsmenn fyrirtækisins eigi langa starfsreynslu að baki.

„Svefngreining er ný grein,“ útskýrir Sveinbjörn, og áreittar að það hafi ekki verið fyrr en seint á níunda áratugnum sem farið var að meðhöndla fólk með svefntruflanir að ráði. „Um fimm prósent fullorðinna eru með kæfisvefn og allt að ellefu prósent barna eru með öndunartengdar svefnraskanir,“ bendir hann á og bætir við til frekari skýringar að talað sé um að allt að 30 prósent fullorðinna upplifi svefnleysi sem vandamál.

Sveinbjörn segir það algengt að fólk leiti sér ekki aðstoðar fyrr en

einkenni séu farin að hafa veruleg áhrif á líf þess. Enda geri margir sem eigi við svefnvandamál að stríða sér ekki grein fyrir því að þeir séu þjakaðir af kæfisvefni.

„Ómeðhöndlaðar svefntruflanir geta leitt til alvarlegra sjúkdóma,“ bendir Sveinbjörn á og tiltekur sjúkdóma eins og hjartabilun, heilablóðfall, háþrýsting og sykursýki sem dæmi.

„Kæfisvefn tengja flestir við hrotur,“ nefnir Sveinbjörn og útskýrir: „Í svefni slaknar á vöðvunum í hálsinum sem veldur þrængingu í öndunarveginum.“ Svefngreiningarbúnaðurinn getur þannig greint á hvaða stigi sjúkdómurinn er.

Úrræðið við kæfisvefni er láta að sjúklinginn sofa með öndunarvél, og í vægari tilfellum á sjúklingur kost á að nota sérstakan góm sem heldur öndunarveginum opnum. Í tilfellum barna eru hálskirtlarnir oftast teknir. Svefntruflanir barna geta haft alvarleg áhrif á þau. „Svefntruflanir geta valdið ýmsum hegðunvandamálum. En algengt er að börn sem hvílast ekki eðlilega séu álitin ofvirk og með athyglisbrest,“ nefnir Sveinbjörn. Svefnleysið getur nefnilega dregið úr námsgetu og almenn veikindi geta farið að aukast.

Búnaðurinn er hannaður með það fyrir augum að sem minnst sé af leiðslum og skynjurum, með því verða óþægindi barnsins mun minni á meðan á mælingu stendur.

vala@frettabladid.is

...allar stærðir af dekkjum ■


DEKKJA
VERKSTÆÐI

NOTUÐ DEKK
ÓDÝR DEKKJASKIPTI

VAKA

...á verði fyrir þig!

Eldshöfða 6 / Sími 567 6700
hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is



teg. Amelie -
virkilega flottur
og haldgóður í
D, DD, E, F, FF, G
á kr. 9.990,-

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - www.misty.is
opið mán-fös 10-18, lau 10-14



Innilegar þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa, langafa og langalangafa,

Einars Kristmundssonar

Rauðbarðaholti, Dalabyggð.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Silfurtúns í Búðardal og starfsfólks Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Barmahlíðar á Reykhólum fyrir kærleiksrika umönnun.

Guðrún Jóhannesdóttir
Monika B. Einarsdóttir
Kristbjörg M. Einarsdóttir
Jóhanna B. Einarsdóttir
Anna B. Einarsdóttir
Georg B. Einarsson
Ásta B. Einarsdóttir
og fjölskyldur þeirra.

Halldór Gunnarsson
Ágúst Árnason
Sæmundur Jóhannsson
Samúel Ágústsson
Bjarni Jónsson



Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýðug í veikindum og við andlát okkar ástkæra,

Ævars Rögnvaldssonar

frá Blönduósi.

Sérstakar þakkir til Hlyns Grímssonar læknis fyrir umhyggju hans og vináttu, hjartans þakkir til starfsfólks Landspítalans við Hringbraut, starfsfólks Landspítalans í Kópavogi og starfsfólks heima-hlynn-ingar Landspítalans fyrir góða umönnun. Guð veri með ykkur öllum.

Elín Sólveig Grímsdóttir
Svavar Geir Ævarsson Sigríður Inga Elíasdóttir
Jóhann Þór Ævarsson Guðrún Dagbjört Guðmundsdóttir
Helga Sigríður Ævarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Bryndís Guðmundsdóttir

Bólstaðahlíð 41, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakots, sunnudaginn 26. apríl.

Hildur Pálsdóttir Hafsteinn Garðarsson
Gísli Pálsson
Katrín Pálsdóttir
Ingibjörg Pálsdóttir Steinar Berg Ísleifsson
Birna Pálsdóttir Helgi Pétursson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Herdís Thoroddsen

Sólheimum 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt sumardagsins fyrsta, 23. apríl.

María Louisa Einarsdóttir Hannes Sveinbjörnsson
Egill Þórir Einarsson Hlaðgerður
Bjartmarsdóttir
Þórunn Sigríður Einarsdóttir Halldór Árnason
Sigurður Thoroddsen Einarsson Jórunn Erla
Sigurjónsdóttir

Margrét Herdís Einarsdóttir
barnabörn, makar þeirra og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fríður Á. Guðmundsdóttir

Hjallaseli 55, áður Gautlandi 7,

verður jarðsöngin frá Fossvogkapelli miðvikudaginn 29. apríl kl. 13.00.

Hilmar Herbertsson Bára Björgvinsdóttir
Hans Herbertsson Aldís Daniélsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Hallvarðsdóttir,

Höfðagrunn 10, Akranesi,
áður Bræðraparti, við Breiðargötu,

lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Akranesarkirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjúkrahúsi Akraness.

Anna K. Skúladóttir Jón I. Haraldsson
Lárus Skúlason Gísli H. Hallbjörnsson
Málfríður G. Skúladóttir Gísli H. Hallbjörnsson
Skúli Skúlason Margrét G. Rögnvaldsdóttir
Guðmundur Skúlason Guðrún Ísleifsdóttir
Hallveig Skúladóttir Stefán Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

Hannes Þorsteinsson,

fyrirverandi aðalféhirðir Landsbanka Íslands, áður til heimilis að
Melhaga 6, Reykjavík,

lést á Dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund laugardagskvöldið 25. apríl sl.

Hjörtur Hannesson Sigrún Axelsdóttir
Guðrún Hannesdóttir Vilhjálmur Þór Kjartansson
Una Hannesdóttir Geir Ingimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Jónsdóttir

Kleppsvegi 62,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 21. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 15.00.

Aðalbjörg Sigríður Gunnarsdóttir
Björg Gunnarsdóttir Finnbogi Sigurðsson
Ágústa Gunnarsdóttir
Þorvarður Gunnarsson Þórlaug Ragnarsdóttir
Jón Gunnarsson Sigríður Guðný Sverrisdóttir
Helga Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir, amma, langamma og langalangamma,

Ólöf Ólafsdóttir

frá Hammersminni á Djúpvavogi
(síðar búsett að Kvíabólstíg 1
Neskaupstað),

lést á hjúkrunarheimilinu í Neskaupstað miðvikudaginn 22. apríl og verður jarðsett frá Norðfjarðarkirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 14.00.

Sjöfn Magnúsdóttir Magnús Herjólfsson
Björgvín Sveinsson Rósa Benediktsdóttir
Þórður Sveinsson Karen Kjartansdóttir
Heiðar Sveinsson
Auður Sveinsdóttir Þorgils Arason
Sigurður Sveinsson Brynhildur Sigurðardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Lilja Guðvör Guðmundsdóttir

til heimilis að Furugrunn 12, Kópavogi,

lést föstudaginn 24. apríl á líknardeild Landakotsspítala. Hún verður jarðsöngin frá Digranesarkirkju miðvikudaginn 6. maí kl. 15.00.

Hallvarður S. Guðlaugsson Anna Margrét Jónsdóttir
Guðmundur J. Hallvarðsson Elvar Már Ólafsson
Lilja Dögg Guðmundsdóttir
Hallvarður Jón Guðmundsson
Elfa Rún Guðmundsdóttir

JAY LENO ER 59 ÁRA Í DAG

„Maður getur ekki verið reiður lengi við einhvern sem fær mann til að hlæja.“

Spjallþáttastjórnandinn Jay Leno hefur stjórnað *The Tonight Show* í 17 ár. Hann hættir í lok maí þegar Conan O'Brien tekur við. Í haust fer hann af stað með nýjan þátt, *The Jay Leno Show*.



tímamót

timamot@frettabladid.is



MYNDLISTARMAÐUR Gunnar Karlsson er fimmtugur í dag en hann er lesendum Fréttablaðsins að góðu kunnur fyrir skemmtilegar skopmyndir í laugardagsútgáfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

GUNNAR KARLSSON: FIMMTUGUR

Glímir enn við bros Jóhönnu

„Ég hef svo sem ekkert sérstakt planað á afmælisdaginn sjálfan en ætla að bjóða öllum vinum mínum í opið hús á fimmtudagskvöldið,“ segir Gunnar Karlsson myndlistarmaður sem er fimmtugur í dag. Gunnar er vel kunnur lesendum Fréttablaðsins enda teiknar hann vikulega skopmyndir í laugardagsútgáfu blaðsins. Þar gerir hann grín að því sem hæst ber í þjóðfélagsumræðunni og oft hefur hann hitt naglann á höfuðið í bráðskemmtilegum teikningum sínum.

Bláðamanni leikur forvitni á að vita hvaðan hugmyndirnar að skopinum spretta. „Þetta er tilfinning sem ég gríp úr þjóðfélaginu og endurspeglar ekki endilega stjórnmalaskoðanir mínar,“ útskýrir Gunnar sem fylgist vel með fréttum og þjóðfélagsumræðunni. „Það er miserfitt að finna viðfangsefni og svo er raunveruleikinn líka oft myndari en það sem maður getur látið sér detta í hug,“ segir Gunnar og bætir við að hann geti þó ekki kvartað enda hafi hann viku til að spá í sínu skopi meðan aðrir þurfi að skila af sér gríni á hverjum degi.

Gunnar segir miserfitt að teikna þjóðþekktar persónur. Sumar þekki hann betur en aðrar auk þess sem auðveldara sé að teikna fólk með sérstaka andlitsdrætti. Flestar persónurnar segir hann þó þróað með tímanum. „Ég er til dæmis enn að glíma við brosið hennar Jóhönnu, því þegar hún brosir snúa munnvikin niður,“ segir Gunnar glettinn. Inntur eftir eftirminnilegustu skopmyndinni er Gunnar fljótur til svars.

„Ég var að horfa á veðurfréttir þegar Davíð Oddsson var mikið í umræðunni. Allt í einu breyttist Ísland í skopmynd af Davíð,“ segir hann en Davíð og Geir H. Haarde voru oftast viðfangsefni Gunnars á árinu 2008. „Ætli það verði ekki Jóhanna og Steingrímur í ár.“

Mikil vinna er fram undan hjá Gunnari sem starfar hjá þrávildarhönnunar fyrirtækinu Caoz. „Við erum að hefja framleiðslu á kvikmynd í fullri lengd um þrumugúðinn Þór,“ segir Gunnar sem hefur áður unnið að og leikstýrt myndunum Litlu lírinni ljótu og Önnu og skapsveiflunum. Óskar Jónsson mun ásamt Gunnari og þýskum samstarfsmanni leikstýra myndinni um Þór en ætlunin er að myndin komi í kvikmyndahúsin í desember árið 2010.

solveig@frettabladid.is



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- kynning á námsbrautum Endurmenntunar
miðvikudaginn 29. apríl klukkan 17:15

Námsbrautir á meistarastigi

- Fjölskyldumeðferð
- Málefni innflytjenda - einnig í boði fjarnámi

Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Mannauðsstjórnun - einnig í boði í fjarnámi
- Breytingastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
- Stjórnun markaðsmála
- Kostnaðarstjórnun og greining
- Rekstrar- og viðskiptanam - einnig í boði í fjarnámi

Verkefnastjórar og námsráðgjafi verða á staðnum
til að svara spurningum

Allir hjartanlega velkomnir



Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda

Ársfundur 2009

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Borgartúni 29, Reykjavík á 4. hæð, þriðjudaginn 28. apríl 2009 og hefst kl. 17.00.

Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Samþykktir kynntar.
6. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 16. 03. 2009

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

SÆNSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNIN



Pú getur unnið ekta
Lois Vuitton handtösku:
www.handtoskuserian.is

„Margbrotið samsæri,
óviðjafnanleg frásagnargæfa“
Independent



Gorenje ísskápur



A+ Orkunýtni

Gorenje ísskápur

RK60358DBK


Svört hönnun.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Hæð: 180 cm.

Tilboð **115.900**

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnigata 2 · Sími 460 0800

Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200



NOKKUR ORÐ Freyr Gígia Gunnarsson

Heimsendafóbían tekur yfir

Ég hef alltaf haft gaman af heimsendakvikmyndum. Kannski eru það hinar mikilfenglegu tæknibrellur, þegar Frelsisstytta og Eiffeltúrninn eru jöfnuð við jörðu, sem heilla svona. Ég veit það ekki. Hugsanlega er það kannski þessi skelfilega og hrikalega heillandi hugsun að þótt sólin hafi sest í gærkvöldi þá er það engin áþreifanleg sönnun fyrir því að lífgjafi jarðarinnar endurtaki leikinn á morgun.

Það er kannski engin furða að maður skuli velta fyrir sér heimsendaspám og endalokum þeirrar siðmenningar sem við þekkjum. Efnahagshrunið var eitt, svínaflensan er annað. Stundum líður mér bara eins og í Opinberunarbók Jóhannesar eða þá í heimsendakvikmynd eftir Michael Bay, þar sem maður er í sífelldri baráttu fyrir eigin tilveru eftir að loftsteinn eyðilagði

allar stórborgir heimsins og geimverur ógna öllu lífríki jarðar.

Rómverjar trúðu því til að mynda aldrei að veldi þeirra myndi hrynja til grunna á örskammri stundu og að hlutskipti þeirra yrði bara einn kafli í sögubókinni. Alexander mikli reið ekki um héruð og hugsaði með sér að hann myndi deyja ungur og að allur stríðsreksturinn væri í raun til einskis. Og Adolf Hitler taldi heilli þjóð trú um að hann væri bjargvættur Evrópu og að Þýskaland myndi brátt endurheimta stöðu sína sem leiðtogi Evrópu. Austur-Þjóðverjar höfðu flestir gefið upp þá von að Berlínarmúrinn myndi hrynja. En þetta gerðist allt. Ef til vill er það barnalegt af manni sjálfum að halda að sú tilvera, sá hversdagsleiki sem við lifum í dag, sé eilífur. Hann mun kannski ríða til falls fyrr en okkur grunar. Eða er ég kannski verr haldinn af heimsendafóbíunni en ég hélt?



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





OBSESSED Beyoncé Knowles og Idris Elba leika aðalhlutverkin í Obsessed.

Beyoncé í efsta sætinu

Spennumyndin Obsessed með söngkonunni Beyoncé Knowles hlaut mestu aðsóknina vestanhafs um síðustu helgi. Í henni leika þau Knowles og Idris Elba hjón sem lenda í miklum vandræðum þegar geðsjúk kona ofsækir eiginmanninn. Söguþræðinum svipar nokkuð til Fatal Attraction frá níunda áratugnum þegar Glenn Close ofsótti Michael Douglas á eftirminnilegan hátt.

Í öðru sæti yfir aðsóknarmestu myndirnar var 17 Again með Zac Efron og Fighting lenti skammt undan í því þriðja. Í fjórða sætinu var The Soloist með Jamie Foxx í aðalhlutverki og heimildarmyndin Earth náði fimmta sæti.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 28. apríl 2009

→ Kvikmyndir

20.00 Kvikmynd um karlakórinn **Don Kósakka** og stjórnanda hans Serge Jaroff verður sýnd í MÍR-salnum við Hverfisgötu 105. **Aðgangur er ókeypis** og allir velkomnir.

→ Tónleikar

12.15 Á hádegistónleikum Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu, mun **Haukur Guðlaugsson** leika á hið nýja orgel kirkjunnar. **Aðgangur er ókeypis** og allir velkomnir.

20.00 Sönghópurinn **Útmanasveitin** flytur blandaða söngdagskrá á Sumarmálakvöldvöku í Egilsstaðarkirkju. Á efnisskránni eru verk eftir Sigfús Einarsson, Sigvalda Kaldalóns og Pál Ísólfsen.



20.00 **Kvinnakór Hafnarfjarðar** heldur vortónleika í Hásölum (safnarheimili Hafnarfjarðarkirkju) við Strandgötu. Á efnisskránni verða m.a. íslenskar og erlendar vorvisur, madrigali, kirkjuleg verk og söngleikjalög.

21.00 Hljómsveitin Slow Train sem leikur einungis tónlist eftir Bob Dylan, verður á Rósenberg við Klapparstíg í kvöld.

→ Síðustu forvöð

Sýningu Helgu Sigríðar Valdemarsdóttur „Fagurfræðilegt dundur“ á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri, lýkur á föstudaginn. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. kl. 11.30-03.

Guðrúnar Einarisdóttur er myndlistarmaður aprilmánaðar hjá SÍM, kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar við Hafnarstræti 16. Sýning hennar er opin virka daga frá kl. 9-17.

→ Leiklist

19.30 **Karavana-hópurinn** frá Árósum í Danmörku, sýnir verkið „Dásamlega Kaupmannahöfn“ í Norræna húsinu við Sturlugötu. Einnig mun **Sólheimakórinn** flytja nokkur lög. **Aðgangur er ókeypis** og allir velkomnir.



→ Fyrirlestrar

12.05 **Anna Agnarsdóttir** flytur erindið: „Stjórnarbylting á Íslandi 1809: Stóð Íslendingum á sama?“ í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. **Aðgangur er ókeypis** og allir velkomnir.

→ Ljósmyndasýningar

17.00 Sigurður Gunnarsson ljósmyndari opnar sýningu sína „**Bus Stop**“ í Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu 15.

→ Myndlist

Sýning átján myndlistarmanna á **Garðatorgi** í Garðbæ, hefur verið framlengd til 3. maí. Opið mán.-fös. kl. 12-18 og lau.-sun. kl. 10-18.

Tvívið í Þrívið, sýning nemenda starfsbrauta Fjölbautaskólans í Garðbæ í Gallerí Tukt er opin alla virka daga kl. 9-18. **Aðgangur er ókeypis**. Gallery Tukt, Hinu húsinu við Pósthústræti 3-5.

Kristinn með japanska ríkissjónvarpinu

„Þetta gekk alveg ljómandi vel og var bara býsna ánægjulegt,“ segir fréttahaukurinn Kristinn Hrafnsson. Hann var japanska ríkissjónvarpinu innan handar á nýliðinni kosninganótt en fjöldi erlendra blaða- og fréttamanna voru staddir hér á landi til að fylgjast með þessum sögulegu kosningum. Kristinn taldi að rúmlega tíu Íslendingar hefðu verið í svipuðu hlutverki og hann: að aðstoða erlenda blaðamenn og tókulið.

Japanar hafa verið gríðarlega áhugasamir um íslensku efnahagskreppuna og fylgst grannt með gangi mála. Japanarnir voru á Grand hóteli og sáu sigurræðu Jóhönnu Sigurðardóttur og sendu meðal annars út beint snemma á sunnudagsmorgninum. „Þetta var í

kringum fimmtán mínútna innslag og var sýnt í einum vinsælasta sjónvarpsþættinum,“ útskýrir Kristinn en sökum tímamismunar var um að ræða kvöldþátt í Japan.

Japanar tókuliðið var búið að fylgjast með aðdraganda kosninganna í viku en hélt sig mestmegnis við höfuðborgarsvæðið. Kristinn segir að samstarfið hafi gengið stóráfallalaust, þrátt fyrir gjörólíka menningarheima og siði. „Þeir þurftu að læra töluvert af íslenskri útsjónarsemi,“ útskýrir Kristinn og þvertur fyrir að íslenska leiðin sé slæm, en bætir því við að það hafi komið Japönum dálítið spáskt fyrir sjónir að fá ekki heildarkjörsökni á kosninganótt. „Já, þetta fór dálítið fyrir brjóstið á þeim.“



TÍU Í VINNU HJÁ ERLENDUM FRÉTTASTÖÐVUM Kristinn Hrafnsson var einn af íslensku blaðamönnum sem aðstoðuðu erlend tókulið og blaðamenn á kosninganótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kynntu þér BS nám í viðskiptafræði með vinnu við Háskóla Íslands!

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á BS og diplóma nám í viðskiptafræði samhliða starfi. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu. Námsefni og námskröfur eru þær sömu og í BS námi í dagskóla en kennslufyrirkomulagið er talsvert frábrugðið.

Haldinn verður kynningarfundur á BS námi í viðskiptafræði með vinnu á morgun, 29. apríl kl. 12-13. Fundurinn fer fram í stofu 102 í Gimli.

Næstu kynningarfundir:

Fimmtudaginn 7. maí kl. 12-13 í stofu 102 í Gimli.

Miðvikudaginn 27. maí kl. 16-17 í stofu 102 í Gimli.

Endilega láttu sjá þig!

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.bsv.hi.is



Kreppan stöðvaði Bít-hátíð

„Í þessu myrkurástandi sem hefur verið þá hefur ekki verið stuð í að plana svona mál,“ segir rithöfundurinn Ólafur Gunnarsson um Bít-hátíð sem átti að halda á Eiðum í júní. „Kreppan rúllaði henni. Þetta var komið á góðan rexpól en svo var bara ákveðið að fresta henni um ár.“

Til stóð að annaðhvort Sigurjón Sighvatsson eða Valdis Óskarsdóttir myndu gera heimildarmynd um hátíðina og von var á þekktum gestum, þar á meðal Mickey Rourke sem var tilnefndur til Óskarsins fyrir leik sinn í The Wrestler. „Hann hefði ef til vill komið en það var í raun og veru hætt að ræða þetta áður en það kom til Óskarsverðlaunanna,“ segir Ólafur. Einnig höfðu stjórn-

ur á borð við Johnny Depp, Ethan Hawke og Patti Smith verið nefndar til sögunnar sem hugsanlegir gestir.

Ólafur hélt Bít-hátíð á heimili sínu síðasta vor sem heppnaðist einkar vel en hátíðin á Eiðum átti að verða mun umfangsmeiri og standa yfir í tvo sólarhringa.

Þó að ekkert verði af hátíðinni ár hefur Ólafur í fleiri horn að líta því tvær bækur hans verða gefnar út erlendis á næstunni. Annars vegar Tröllakirkja sem kemur út í Tékkóslóvakíu og hins vegar Öxin og jörðin sem kemur út í Frakklandi. Verður þetta í fyrsta sinn sem síðarnefnda bókin kemur út erlendis. „Það verður mjög gaman að sjá hvernig Frakkar bregðast við,“ segir Ólafur.



BÍTHÁTÍÐ Ólafur Gunnarsson les upp úr bók á Bít-hátíðinni sem hann hélt á heimili sínu í fyrra.

Anna frumsýnd í Cannes

Stuttmyndin Anna eftir Rúnar Rúnarsson hefur verið valin á Cannes-hátíðina í maí. Þetta er í annað sinn sem Rúnar hlýtur þennan heiður.

„Þetta er algjör snilld. Maður safnar í sarpinn og þetta auðveldar manni að fá peninga til að gera það sem maður vill gera,“ segir Rúnar.

Anna, sem var tekin upp í sjávarþorpi í Danmörku, er útskriftarmynd Rúnars frá hinum Konunglega danska kvikmyndaskóla. „Ég hef hingað til verið að gera íslenskar myndir en þetta er dönsk framleiðsla, þannig að það er gott að stimpla sig inn í Danmörku.“

Hann segir að það hafi komið sér á óvart að vera boðið til Cannes því myndin hafi ekki verið fullkárud þegar hún var send inn. „Við vorum að klára myndina í gær [fyrradag]. Þegar maður sendir ekki einu sinni lokaklippid er maður ánægður með að fólk bít á öngulinn.“

Þetta er í annað sinn sem Rúnar fer til Cannes en í fyrra keppti myndin Smáfuglar um Gullpálmann í flokki stuttmynda. Anna er töluvert lengri en Smáfuglar, eða 35 mínútur, og keppir því í öðrum flokki. Myndin fjallar um hina ungu Önnu sem býr í sjávarplássi úti á landi og finnst hún



ANNA Stuttmyndin Anna verður frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í maí.

standa á krossgötum. Umhverfi hennar er að breytast og það á einnig við um sjálfa hana.

„Þetta er ósköp róleg mynd sem gerist í Danmörku og er á dönsku. Þeir sem hafa séð myndina og komið til Íslands halda að við höfum skotið myndina í litlum bæ á Íslandi,“ segir Rúnar, sem hefur þegar fengið fyrirspurnir um að sýna myndina á mörgum erlendum kvikmyndahátíðum. Síðustu myndir hans, Smáfuglar og Síðasti bærinn, hafa báðar feng-

id frábærar viðtökur. Smáfuglar hefur hlotið yfir fjörutíu alþjóðleg verðlaun og Síðasti bærinn var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2005 og sópaði einnig til sín alþjóðlegum verðlaunum.

Rúnar útskrifast úr danska kvikmyndaskólanum 14. júní eftir fjögurra ára nám og þá tekur við undirbúningur fyrir fyrstu kvikmynd hans í fullri lengd. Hefur hún fengið vinnuheitid Hannes og er stefnt á að tókur hefjist sumarið 2010.

RÚNAR Rúnar Rúnarsson er á leiðinni á Cannes-hátíðina í annað sinn.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ!

BÍÓDAGAR 2009
AÐEINS 6 DAGAR EFTIR!

CRANK 2: HIGH VOLTAGE
LÚXUS 16
HANN VAR DAUÐUR... HJÚNA LÍÐUR HONUM MIKIL BETUR
JASON STATHAM ER MÆTTUR AFTUR Í HLUTVERKI HINS ÓDRAPANLEGA CHEV CHELIOS.

17 AGAIN
HVER SEGRIR AÐ ÞÚ SÉRST BARA UNGUR EINU SINNI?
ZAC EFFRON

GOMORRA
DE WELLE
★★★★ -HJ.MBL. ★★★★★ -S.V.MBL.

STATE OF PLAY
★★★★ UNCLUR 12

I LOVE YOU MAN
PAUL RUDD JASON SEGEL
★★★★ Tommi - kvikmyndir.is 12

DRAUMALANDIÐ
Einhver áhrifamesta og mikilvægasta mynd síðustu ára!
★★★★ -H.S., MBL. ★★★★★ -E.E., DV. ★★★★★ -B.S., FBL.

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
17 AGAIN	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10:10	12
DRAUMALANDIÐ	kl. 5:50 - 8	L
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	kl. 3:50	L
FAST AND FURIOUS	kl. 5:45 - 10:15	12
MALL COP	kl. 3:40	L
BLÁI FILLINN	kl. 3:50	L

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8 - 10	L
STATE OF PLAY	kl. 8 - 10:30	12
BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ		
BOY A	kl. 6 ótengt	14
BIGGER STRONGER FASTER	kl. 6 ísl. texti	12
DIE WELLE	kl. 6 enskur texti	12
ME AND BOBBY FISHER	kl. 8 ísl. texti	12
TWO LOVERS	kl. 8 ísl. texti	L
GOMORRA	kl. 10 ísl. texti	16
HUNGER	kl. 10 ótengt	14

REGNBÓGINN Sími 551 9000 **750 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

I LOVE YOU MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
FAST AND FURIOUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
MALL COP	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
DRAGONBALL	kl. 6	7
MARLEY AND ME	kl. 8 - 10:20	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓDAGANN MED KREDITKORTI

NÝTT Í BÍÓ!

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Franklín og Hórsjóðurinn

MONSTERS VS. ALIENS
SÝND Í 3D

CRANK 2: HIGH VOLTAGE
LÚXUS 16

STATE OF PLAY
12

FRANKLÍN
L

MONSTERS VS. ALIENS 3D
L

VILTU VINNA MILLJARÐ?
ATH! 500 kr.

SÝNINGARTÍMAR

CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 10	16
STATE OF PLAY	kl. 5:30, 8 og 10:30	12
FRANKLÍN	kl. 6 - ísl. tal	L
MONSTERS VS. ALIENS 3D	kl. 6 - ísl. tal	L
VILTU VINNA MILLJARÐ(500kr)	kl. 8 og 10:15	12

OBSERVE AND REPORT
NY Times spór: SPRENGHLÆGILEG Gróttasta brandarar sem sést hafa í bíó Svartasti húmor í manna minnum.

THE UNBORN
FUNNY AS HELL Peter Travers Rolling Stone

17 AGAIN
HVER SEGRIR AÐ ÞÚ SÉRST BARA UNGUR EINU SINNI?
ZAC EFFRON

I LOVE YOU MAN
PAUL RUDD JASON SEGEL

ALFABAKKA

OBSERVE AND REPORT	kl. 6 - 8D - 10:10D	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 8 - 10:10	VIP
THE UNBORN	kl. 8 - 10:10	16
THE UNBORN	kl. 6	VIP
17 AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10:20	12
PUSH	kl. 5:50	12
MONSTERS ALIENS mv/isl. tali	kl. 5:50(3D)	L
MONSTERS ALIENS mv/isl. tali	kl. 5:50	L
KNOWING	kl. 8 - 10:20	12

SELFOSS

I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10:20	12
FAST & FURIOUS	kl. 10:20	12
BOY IN THE STIPED PYJAMAS	kl. 8	12

AKUREYRI

STATE OF PLAY	kl. 8 - 10:20	12
OBSERVE AND REPORT	kl. 8 - 10:20	16

KEFLAVÍK

17 AGAIN	kl. 8 - 10:10	L
FAST AND FURIOUS	kl. 8	12
KNOWING	kl. 10:10	12

KRINGLUNNI

THE UNBORN	kl. 6:10 - 8:20 - 10:20	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D	16
MONSTERS VS ALIENS mv/isl. tali	kl. 6:10(3D)	L
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8	16
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 10:20	16

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ
- Í DAG -
KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

NÝ KILJA KOMIN Í VERSLANIR

ELDFIM OG UPPLÝSANDI

SETTU ÚTRÁSARVÍKINGARNIR ÍSLAND Á HAUSINN?
SAGÐI DAVÍÐ ODDSSON ÞJÓÐINNI ÓSATT?
ÁTTI AÐ FÆRA LANDBANKANUM GLITNI FYRIR LÍTID?
DRAP SEÐLABANKINN ÍSLENSKU KRÓNUNA?
HVAÐA ÁHRIF HÖFÐU NEYÐARLÖGIN?

ÓLAFUR ARNARSON
SPEYNDI AÐ FEIGÐARÓSI

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

SPORT
besta sætið



UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE

UNDANÚRSLIT

Í KVÖLD KL. 18:30
BARCELONA – CHELSEA

Á MORGUN KL. 18:30
MAN.UTD. – ARSENAL



FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD!

50%
AFSLÁTTUR

SPORT 2 FJÖLVARP

ÁSKRIFENDUR STÓÐVAR 2 SPORT GETA NÚ BÆTT VIÐ SIG ÁSKRIFT AÐ
STÓÐ. SPORT 2 EDA FJÖLVARPINU MEÐ 50% AFSLÆTTI.
STÓÐ 2 FRÁ ÁRINI 3.295 KR. Á MÁNUDI Í HVAÐ MÁNUDI.
NÁNAÐ UM TILBOÐIÐ Á STÓÐ 2.

**ÞESSIR LEIKIR
FARA Í SÖGUBÆKURNAR**

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR STJÖRNUNNI 11. SÆTINU Í ÍSLENSKU ÚRVALSDEILDINNÍ SUMARIÐ 2009

> LYKILMAÐURINN

Bjarni Þórður Halldórsson kom frá Fylki til Stjörnunnar fyrir síðasta tímabil eftir að hafa verið í láni hjá Víkingi sumarið 2007. Hann þótti meðal efnilegustu markvarða landsins en meiðsli gerðu það að verkum að hann átti erfitt uppdráttar síðustu ár sín í Árbænum. Það mun mikið mæða á honum í marki Stjörnunnar í sumar og ljóst að hann mun gegna lykilhlutverki í liðinu í sumar og baráttu þess fyrir að halda sæti sínu í efstu deild.



Ætjum í sumarið af fullum krafti

Stjarnan leikur nú í efstu deild karla í fyrsta sinn eftir átta ára fjarveru. Síðast var liðið í hóp bestu liða landsins árið 2000. Síðan þá hefur vitanlega mikið breyst en liðið féll til að mynda í C-deild árið 2004. Mikið uppbyggingarstarf hefur átt sér stað í Garðabænum undanfarin ár og til marks um það er að liðið er nánast óbreytt frá síðasta tímabili. Kári Ársælsson var í láni frá Breiðabliki en er farinn aftur í Kópavoginn og Zoran Stojanovic hefur siglt á önnur mið. En í staðinn fengu Stjörnumenn Steinþór Frey Þorsteinsson frá Breiðabliki sem skoraði sjö mörk í sex leikjum fyrir Stjörnumuna í Lengjubikarnum. Bjarni Jóhannsson tók við liðinu fyrir síðasta tímabil og kom því liðinu upp í fyrstu tilraun. „Við erum ekki á kreppufyllerí og erum að langstærstum hluta með sama lið og fór upp

í fyrra. Við förum inn í mótið fullir sjálfstrausts og teljum okkur búna undir átökin,“ sagði Bjarni. „Við höfum tamið okkur ákveðinn leikstil og komum til með að spila samkvæmt 4-3-3 leikkerfinu í sumar með nokkuð djarfa sóknarbakverði. Það er alveg ljóst að við ætlum ekki að leggjast í skotgrafir í sumar. Við erum með tiltölulega hraða leikmenn og ætlum að reyna að nýta þann hraða eins vel og mögulegt er.“ Bjarni segir sína menn fara algerlega óhrædda inn í sumarið. „Við ætlum einfaldlega að kýla á þetta og fara í sumarið af fullum krafti. Við munum reyna að komast eins langt og við mögulega getum og það verður svo bara að koma í ljós hversu langt við förum á því.“



> X-FAKTORINN

Gervigrasið gæti skipt sköpum fyrir Stjörnumenn en þeir spila alla sína heimaleiki á slíku yfirborði. Það gæti talið þeim til tekna þar sem þeir eru óneitanlega vanari því að spila á gervigrasi en þau lið sem koma í heimsókn í Garðabæinn.



AÐRIR LYKILMENN



STEINÞÓR FREYR ÞORSTEINSSON




HALLDÓR ORRI BJÖRNSSON



DANÍEL LAXDAL

GENGI Á VORMÓTUNUM
■ Sigrar ■ Jafntefli ■ Töþ



GENGI SÍÐUSTU ÁRA **2008 2. sæti í B-deild** **2007 9. sæti í B-deild** **2006 5. sæti í B-deild** **2005 2. sæti í C-deild** **2004 10. sæti í B-deild** **2003 4. sæti í B-deild**

ÚRSLIT

N1-deild karla

Haukar - Valur 29-24
Mörk Hauka (skot): Andri Stefan 8 (12), Sigurbjörg Sveinsson 8/3 (15/4), Kári Kristján Kristjánsson 5 (5), Gunnar Berg Víktorsson 3 (4), Freyr Brynjarsson 2 (8), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (2), Einar Örn Jónsson 1 (2), Elias Már Halldórsson 1 (3), Amar Jón Agnarsson (1).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 16 (40/5, 40%), Gísli Guðmundsson 2/1 (2/1, 100%).
Hraðauppflaup: 8 (Kári Kristján 3, Freyr 2, Andri 1, Elias Már 1, Stefán Rafn 1).
Fiskuð víti: 4 (Kári Kristján 2, Freyr 1, Gunnar 1).
Utan valla: 10 mínútur.
Mörk Vals (skot): Arnór Þór Gunnarsson 8/5 (12/6), Ingvar Ákason 5 (8), Hjalti Þór Pálmason 4 (7), Hjalti Gylfason 2 (4), Heimir Örn Árnason 2 (5), Elvar Friðriksson 2 (5), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Davíð Ólafsson (2), Sigurður Eggertsson (5).
Varin skot: Ólafur Gíslason 9 (28/3, 32%), Pálmar Pétursson 5 (15, 33%).
Hraðauppflaup: 3 (Heimir Örn 2, Hjalti Þór 1).
Fiskuð víti: 4 (Heimir Örn 2, Hjalti Þór 1, Ingvar 1, Sigurður 1).
Utan valla: 2 mínútur.
Haukar leiða í einvíginu, 1-0.

Enn lifir útívallargrýla Valsmanna

Haukar unnu fimm marka sigur á Val, 29-24, í fyrsta leik liðanna um Íslandsmeistaratiðinn í handbolta. Valsmenn voru þá fyrst og fremst sjálfum sér verstir og fóru illa með fjölmörg góð tækifæri í leiknum.

HANDBOLTI Haukar eru komnir með 1-0 forystu gegn Val í úrslitum úrslitakeppni N1-deildar karla í handbolta. Haukar unnu í gær sanngjarnan og sannfærandi sigur á Val á heimavelli, 29-24, eftir mikinn baráttuleik þar sem mönnum var oft heitt í hamsi.

Valsmenn byrjuðu mun betur í leiknum og náðu fljótlega tveggja marka forystu. Sú forysta hefði getað orðið mun stærri en gestirnir fóru illa með mörg góð færi og fljótlega vöknudu heimamenn til lífsins.

Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, varði ekki eitt einasta skot fyrstu átján mínútur leiksins en eftir að varnarleikur Hauka fór loksins að ganga upp fylgdi allt annað í kjölfarið – markvarsla, hraðauppflaupsmörk og forystan.

Haukar létu aldrei aftur af forystunni en um miðbik síðari hálfleiksins fékk Einar Örn Jónsson að líta rauða spjaldið fyrir að fara með hönd í andlit Sigurðar Eggertssonar. En sóknarleikur Vals gekk afar illa og leikmenn liðsins köstuðu boltanum ítrekað frá sér – meira að segja í hraðauppflaupi þar sem þeir voru þrír gegn einum varnarmanni Hauka.

Birkir Ívar átti mjög góðan leik en varamarkvörðurinn Gísli Guðmundsson átti afar sterka innkomu undir lok leiksins. Arnór Þór Gunnarsson hafði ekki stigið feilsþor á vitalínunni og því var brugðið á það ráð að láta Gísla í marki þegar Valsmenn fengu sitt



FREYR Í GEGN Haukamaðurinn og fyrrum Valsarinn Freyr Brynjarsson er hér sloppinn í gegnum vörn Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fimmta vítakast í leiknum.

Það herbragð tókst. Gísli varði, Arnór náði svo frakastinu en aftur varði Gísli úr dauðafæri. Hefði Arnór skorað hefði munurinn verið tvö mörk og tæpar fjórar mínútur eftir. En eftir þetta gengu Haukar endanlega frá leiknum og skoruðu þrjú af síðustu fjórum mörkunum.

„Þetta var fátallegur leikur,“ sagði Valsarinn Heimir Örn Árnason. „Ég á ekki til orð yfir þessu. Við gerðum örugglega fimmtán

tæknifeila og köstuðum boltanum allt of oft frá okkur. Þetta var bara einbeitingarleysi.“

Hann vonast þó til að sínir menn standist álagið á heimavelli og geti svo sótt sigur á Ásvelli. „Ef ekki þá eigum við ekki skilið að vinna titilinn. Við þurfum bara að taka til í hausnum eins og alltaf á úti- velli.“

Aron Kristjánsson var líflegur á hliðarlínunni í leiknum og lét oft heyra í sér. Hann sagði þó dóm- gæslu leiksins þegar á heildina er

litið góða.

„Ég er gríðarlega ánægður með sigurinn. Þetta var hörkuleikur – mikil baráttu og læti. Það var þó svekkjandi að missa Einar í rautt,“ sagði Aron og sagði það mjög líklegt að hann færi í eins leiks bann.

„En ég er sáttur við mína stráka. Eftir fyrsta korterið komumst við í gang í vörninni og Birkir Ívar fór að verja. Mér fannst við mjög beittir og mikil orka í liðinu.“

eirikur@frettabladid.is

Við erum sammála um að sækja eiga

skráum okkur á www.sar



SAMKOMULAGIÐ HANDSALAÐ Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ. FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Efstu deildir karla og kvenna bera nafn Pepsi:

Ekki neyðarlending

FÓTBOLTI Tilkynnt var í gær um þriggja ára samning Ölgerðarinnar og SportFive um að efstu deildir karla og kvenna muni bera nafn Pepsi næstu þrjú árin. SportFive á markaðsréttinn á þessum deildum.

Landsbankinn átti að vera aðalstyrktaraðili deildanna í sumar en eftir bankahrunið í haust var ákveðið að bankinn myndi draga sig úr samstarfinu.

„Landsbankinn tilkynnti okkur í febrúar síðastliðnum að samstarfinu yrði ekki haldið áfram. Það var því naumur tími til stefnu enda er best að fara í svona verkefni að hausti til,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, við Fréttablaðið í gær.

„En ég er mjög ánægður með að þessu sé nú lokið. Við áttum í viðræðum við fleiri fyrirtæki og ekkert þeirra lokaði á okkur. En

að lokum náðum við samkomulagi við Ölgerðina um Pepsi-deildina og við erum mjög ánægðir með það.

Hann segir þó að samningurinn, sem var undirritaður aðeins rúmum tveimur vikum fyrir mót, hafi ekki verið neyðarlending.

„Langt í frá. Þeir sem sáu um að semja fyrir hönd SportFive voru mjög ánægðir með þennan samning rétt eins og við. Ölgerðin mun leggja mikið af mörkum í þetta samstarf.“

Hann segir að veik staða krónunnar hafi verið erfiðasta hindrunin í að finna deildunum nýjan styrktaraðila. „Þrátt fyrir þá slæmu stöðu tókst að finna hagstæðan flöt í þessu máli fyrir bæði SportFive og okkur. Við erum mjög ánægðir með að fá svo sterkt og þekkt vörumerki til að kynna okkar knattspyrnu.“ - esá

Barcelona mætir Chelsea í Meistaradeildinni:

Fær Eiður tækifæri gegn gamla félaginu?

FÓTBOLTI Barcelona tekur á móti Chelsea í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Íslenski landsliðsmaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen er sem kunnugt er á mála hjá Barcelona en hann lék lengi með Chelsea, frá 2000 til 2006.

Hann hefur lítið fengið að spreyta sig að undanförunu með Barcelona, sérstaklega í Meistaradeildinni, en þar hefur hann lítið sem ekkert fengið að spila í „stóru“ leikjunum. Hann kom hins vegar inn á sem varamaður í deildarleik gegn Valencia um helgina.

Þessi lið mættust síðast í Meistaradeildinni árið 2006 og þá báru

Börsungar sigur úr býtum. Árið áður hafði Chelsea hins vegar betur og þá skoraði Eiður Smári eitt mark Chelsea í 4-2 sigri á Börsungum vorið 2005 á Stamford Bridge.

Barcelona er eina liðið í undanúrslitum Meistaradeildarinnar sem er ekki frá Englandi og er það annað árið í röð sem það gerist. Í fyrra tapaði liðið fyrir Manchester United í undanúrslitum.

„Ég þekki þessa leikmenn og hef trú á þeim. Ég hef mikla trú á mínu liði,“ sagði Pep Guardiola, stjóri Barcelona, í gær. „Okkur mun ekki mistakast. Ég er sannfærður um að við munum spila vel í leiknum.“ - esá

Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Háþrúð heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

**TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!**

HEYRNARSTÖÐIN



Auglýsingasími

512 50 50



mmala.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30

Barcelona - Chelsea

Það er óhætt að lofa mögnum knattspyrnuleik á Nývangi þegar Chelsea sækir Barcelona heim. Börsungar hafa verið sjóðheittir að undanförunum en liðið eygir möguleika á að vinna þrefalt þetta árið en ljóst er að liðsmenn Chelsea hyggjast ekki leyfa slíkt. Bæði þessi lið hafa leikið til úrslita í Meistaradeildinni á undanförunum árum en eftir vonbrigði síðasta árs er á hreinu að John Terry hyggst leiða sína menn alla leið að þessu sinni. Sjálfstraustið hjá Chelsea er mikið eftir að hafa lagt Liverpool að velli á meðan Barcelona rúllaði yfir stórlíð Bayern München. Í kvöld mætast því tvö lið með bullandi sjálfstraust og því óhætt að lofa frábærri skemmtun á Nou Camp.



VIÐ MÆLUM MED Millennium-milljónirnar

Sjónvarpið kl. 20.55

Sænsk heimildarmynd um rithöfundinn Stieg Larsson og deilur föður hans, bróður og sambýliskonu um arfinn eftir hann en Larsson lést árið 2004. Tekjur af bókum hans hafa numið um 80 milljónum sænskra króna og geta hæglega tvöfaldast á næstu árum þar sem verið er að gera kvikmyndir eftir þeim. Bókin „Karlar sem hata konur“ eftir Larsson hefur verið gefin út á íslensku og notið töluverðra vinsælda hér á landi.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnrir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnrir
- 10.13 Pipar og salt
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnrir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Á slóðum Helga
- 15.03 Útlarpssagan: Blátt og rautt
- 15.30 Wes Montgomery kvartettinn leikur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnrir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Viðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláur nótur í bland
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 23.00 Gatan mín
- 00.07 Næturónan

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (176:260)
- 16.30 Hollyoaks (177:260)
- 17.00 Seinfeld (19:22)
- 17.30 Ally McBeal (22:24)
- 18.15 The O.C. (19:27)
- 19.00 Hollyoaks (176:260)
- 19.30 Hollyoaks (177:260)

20.00 Seinfeld (19:22) Jerry Seinfeld er uppstandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

20.30 Ally McBeal (22:24) Maður sem heldur því fram að konan hans hafi aldrei elskað hann kærir hana fyrir svik. Fish upplifir getuleysi þegar hann og Ling ætla að elskast.

21.15 The O.C. (19:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

22.00 New Amsterdam (4:8) John Amsterdam hefur lífað í hartnær 400 ár í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar sem lögreglumaður í New York og gjörþekkir orðið huga glæpamanna.

22.45 Peep Show (8:12) Sprenglæglægir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að lif þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.

23.15 Weeds (9:15)

23.40 Auddi og Sveppi

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 10.05 Jonathan Creek 10.55 Jonathan Creek
- 11.45 My Hero 12.15 The Weakest Link 13.00 EastEnders 13.30 My Hero 14.00 Blackadder II
- 14.30 The Weakest Link 15.15 Jonathan Creek
- 16.05 Jonathan Creek 16.55 EastEnders 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 Blackadder II
- 19.10 The Inspector Lynley Mysteries 20.00 State of Play 20.50 Blackadder II 21.20 My Hero
- 21.50 State of Play 22.40 Jonathan Creek 23.30 Jonathan Creek

DR 1

- 10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Horisont 10.35 Liberal Alliances landsmøde 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Sager der nager 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.15 Høvedingebold 14.00 Spam - Din digitale medieguide 14.30 Monster allergi 15.00 Store Nord 15.30 Lille Nord 16.00 Folkevægelsen mod EUs landsmøde 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Ønskehaven 18.30 Mission. Baby 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.35 Sager der nager 22.05 Senior, senior! 22.35 Boogie Mix

NRK1

- 10.00 NRK nyheter 10.10 Puls 10.35 Schrödingers katt 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Sirkusliv 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Frilandsstegen 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymystiene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Smaken av Danmark 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Safari 21.00 Kveldsnytt 21.15 Mord på Nilen 23.30 Kulturnytt 23.40 Jazz jukeboks

SVT 1

- 10.00 Rapport 10.05 Bergen - Kirkenes t/r 10.35 I trädgården med Camilla Plum 11.05 Säterliv 11.50 Sonja 13.10 Drömprinsen 14.00 Rapport 14.05 Gornorron Sverige 14.55 Packat & klart 15.25 Flyttlasset går 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Andra Avenyn 19.45 Pojkarna i mitt liv 21.55 Kulturyheterna 22.10 Sommer 23.10 Inför Eurovision Song Contest 2009 00.10 Sändningar från SVT24

Við greiðum þér leið í sólina

4 jafnar greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalaugar og jafnar greiðslur á www.urvalutsyn.is. Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. Færslugjald leggst ofan á uppgæfið verð, frá 2%.

MasterCard VISA

Portúgal ALBUFEIRA

VERÐ FRÁ **69.970 kr.**

á mann í viku á Dom Pancho íbúðarhótel m.v. 2 með 2 börn. 80.915 kr. m.v. tvo fullorðna í stúdíó. Brottför 27. júní.

Tyrkland MARMARIS

VERÐ FRÁ **84.960 kr.**

á mann í viku á Forum íbúðarhótel m. v. 2 með 2 börn. 110.120 m.v. tvo fullorðna í íbúð. Brottför 3. júlí.

Pað er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalaugar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og Albufeira í Portúgal hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn“.

Úrval-Útsýn - Lágmuða 4 - Reykjavík - Sími 585 4000
Innfalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gistingu. Verðmiðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða sími er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

www.urvalutsyn.is

FERMINGAGGJAFIR

ALLTAF BETRA VERÐ

acer
FARTÖLVA
15.6"



Toshiba Satellite A300-1SR

2.0GHz Intel Core 2 Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA harðiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 300Mbps 802.11a/g/n netkort og Bluetooth 2.0 • 1.3MP vefmyndavél í skjá • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot o.fl. • Windows Vista Home Premium

TOSHIBA

15.4"

169.990



Acer Aspire 5738Z-424G32MN

2.0GHz Intel Core Duo T4200 - Centrino Duo örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðiskur • 15.6" WideScreen WXGA LED CrystalBrite skjár með 1366x768 punkta upplausn • Intel Graphics Media Accelerator skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél í skjá • 4xUSB2, ExpressCard/54, HDMI(HDCP), VGA, SPDIF o.fl. • Windows Vista Home Premium



149.990



LEIKJAMOTTA

STEELSERIES QCK

Alvöru músarmotta fyrir leikina. Stærð 320 x 270 mm.

2.490



Sartech

HARÐDISKHÝSING

Sartech Abigs 3.5 FHD354

SATA harðiskýsing í vönduðum ál kassa með USB 2.0 og öflugum afritunarhugbúnaði. Windows, Linux og Mac.

5.990



CREATIVE

EYRNATAPPAR

Creative Zen Aurvana

Hágæða heyrnartól með AuraSeal tækni sem útilokar umhverfshljóð. 20Hz. 115dB.

6.990



LASERMÚS

Logitech V550

Þráðlaus fartölmús með Nano sendi. Festing fyrir músina á fartölvur fylgir.

9.990



Acer V193W LCD SKJÁR

19" breiðtjaldsskjár með 1440x900 upplausn, 1000:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma.

24.990



WD 1TB

HARÐDISK FLAKKARI

WD Elements - 1 Terabyte

1TB flakkari með Hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

19.990




USB-DVI SKJÁKORT

Manhattan USB í DVI skjákort

USB skjákort sem tengir tölvur í DVI skjái. Styður allt að 1600 x 1200 punkta upplausn. USB 2.0.

16.990



EPSON

FJÖLNOTATÆKI

Epson Stylus SX100

Prentari, skanni og ljósrítunarvél. Prentar A4 í 5760 x 1440p, skannar í 600 x 1200 p. Prentar 26 bls á mín. USB. Windows og Mac.

10.990

TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRDUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍDVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

BAKPANKAR
Júlíu Margrétar
AlexandersdótturErtu kannski
módel?

Við getum hlegið að mæðgunum Janet og Jane Cunliffe en móðirin, Jane, hefur varið meira en tveimur milljónum í lýtaaðgerðir til að líkja sem mest eftir æskuútliti dóttur sinnar. Ýkjusögur, sönn sem þessi er, gegna þó oft því hlutverki að varpa ljósi á döpur örlög okkar eigin tilveru.

DÓTTIR mín þráir það heitast að horfa á Americas next top Model. Ég hef reynt að leiða hana á aðrar brautir, þótt ég skilji vel þennan áhuga. Á hennar aldri var fátt áhugaverðara en fegurðardrottningar og stelpurnar sem fengu hlutverk í kókosbolluauðglýsingum og ég kann ákveðið tímabil í sögu fordkeppna utanbókar. Maður trúði því heitt og innilega að það væri aðeins einn toppur á hamingjunni: Að vera fyrirsæta og svo eitt ljósmyndar námskeið í endann á farsælum ferli. Það var prinsessusagan.

EN það var þá. Í dag er ég þrítug. Maður hefur þroskast sitt hvað og veit að vilji maður þoka jafnréttisbaráttunni eitthvað áleiðis er ekkert sérstaklega gjöfult að einblína á útlit kvenna. Hvað þá að gera ekkert til að beina sjónum ungra ómótadra stelpna á aðra hluti en hver er sætust. Það er ekki endalasta hægt að kvarta yfir slakri jafnréttisbaráttu og gera svo ekkert sjálfur til að sporna við útlitsdýrkun.

OG þá er ég komin að því hvernig sagan um mæðgurnar bresku er þegar allt kemur til alls aðeins skrumskæling á okkar eigin veruleika. Það er fljótgert að athuga þetta nánar. Farið til dæmis bara inn á fésbók og sjáid hversu margar kunningjakonur ykkar góla um alla vegg: „Hæ sæta, hvað segirðu sæta!“ Hvað er þetta eiginlega. Ekki eru karlmenn mærandi hver annan fyrir að vera sætir um alla vegg. Við erum komnar yfir þrítugt en erum enn skrifandi við einhver myndaalbúm hvað þessi og hin sé „sæt“ og tókum andköf yfir fegurð hver annarrar.

ÞAÐ hefur nefnilega ekkert svo svakalega mikið breyst frá því að ég var unglíngur. Enn er hópur kvenna sem finnst fátt eftirsóknarverðara en að leika í jógúrtauglýsingum og ein vinkona mín, sem heldur hefur fitnað síðustu árin, segir mér að eftir að hún varð heldur gildari sækist vinkonur ekki jafn mikið eftir því að fá hana með sér á Kaffibarinn. Þær vilja vera í grönnum félagsskap. Fullorðnar konur í barbíleik þar sem keppni stendur yfir um hver leikur í flestum auglýsingum eða hefur módelast sem mest er veruleikinn. Og alls ekkert ólíkt Hollywoodýkjusagnatilverunni í grunninn.

GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 28. apríl,
118. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.10	13.25	21.42
Akureyri 4.44	13.10	21.39

Heimild: Almanak Háskólans

Tilboð!

Verð frá

8.692 kr.

Aðeins í
12 klst.5.000
flugsæti!

Í dag frá kl. 12.00 til miðnættis býður Iceland Express **5.000 flugsæti**, verð frá aðeins **8.692 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum!

Bókunartímabil: Í dag frá kl. 12.00 á hádegi til miðnættis í kvöld
Ferðatímabil: 1.-31. maí 2009

Áfangastaðir: London/Gatwick, Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá
Ekki missa af þessu einstaka tilboði, þú bókar á www.icelandexpress.is
Skráðu þig í netklúbbinn okkar, þannig færðu spennandi nettilboð, þér að kostnaðarlausu.

Iceland Express



með ánægju

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.